



Fréttatilkynning
13. ágúst 2015

Árshlutareikningur Landsnets hf. fyrir tímabilið janúar-júní 2015 **- Hagnaður tímabilsins nam 1.573 milljónum króna -**

Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 1.573 mkr. fyrstu 6 mánuði ársins 2015 samanborið við hagnað að fjárhæð 1.231 mkr. fyrir sama tímabil árið 2014. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) nam 5.239 mkr. samanborið 4.446 mkr. á sama tímabili fyrra árs og hækkar um 793 mkr. á milli ára. Hrein fjármagnsgjöld nema samtals 1.863 mkr. á tímabilinu en voru 1.565 mkr. á sama tímabili ársins 2014. Hrein fjármagnsgjöld hækka því um 298 mkr. á tímabilinu janúar-júní 2015 í samanburði við sama tímabil 2014.

Eiginfjárlutfall í lok júní var 26,9% samanborið við 23,5% í lok ársins 2014. Eigið fé í lok tímabilsins nam 20.782 mkr. samanborið við 19.208 mkr. í lok árs 2014. Heildareignir félagsins í lok júní námu 77.138 mkr. samanborið við 81.859 mkr. í lok árs 2014. Heildarskuldir námu 56.356 mkr. samanborið við 62.651 mkr. í lok árs 2014.

Lausafjárstaða félagsins er sterk, í lok júní nam handbært fé 7.335 mkr. Handbært fé frá rekstri fyrstu 6 mánuði ársins nam 3.300 mkr.

Árshlutareikningur Landsnets hf. var samþykktur á fundi stjórnar 13. ágúst 2015.

Frekari upplýsingar veitir:

Guðlaug Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fjármála, sími 563 9311 eða netfang guðlaugs@landsnet.is

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum króna):

	1.1.-30.6.2015	1.1.-30.6.2014
Rekstrarreikningur		
Rekstrartekjur	8.146.737	6.945.029
Rekstrargjöld	(4.330.394)	(3.853.172)
Rekstrarhagnaður	3.816.343	3.091.857
Hrein fjármagnsgjöld	(1.863.006)	(1.565.145)
Áhrif hlutdeildarfélags	10.782	9.933
Hagnaður(tap) fyrir tekjuskatt	1.964.119	1.536.645
Tekjuskattur	(390.667)	(305.342)
Hagnaður (tap)	1.573.452	1.231.303

	30.6.2015	30.6.2014
Efnahagsreikningur		
Fastafjármunir	66.861.773	66.839.538
Veltufjármunir	10.276.447	11.236.114
Eignir samtals	77.138.220	78.075.652
Eigið fé	20.781.926	16.677.536
Langtímaskuldir	52.414.723	58.721.887
Skammtímaskuldir	3.941.571	2.676.229
Eigið fé og skuldir samtals	77.138.220	78.075.652

	1.1.-30.6.2015	1.1.-30.6.2014
Sjóðstreymi		
Handbært fé frá rekstri	3.299.622	1.612.437
Fjárfestingahreyfingar	(1.248.172)	(2.194.113)
Fjármögnunarhreyfingar	(7.368.635)	(452.426)
Áhrif gengisbreytingar á handbært fé	417.529	(164.982)
Handbært fé í ársbyrjun	12.234.663	9.917.204
Handbært fé í lok tímabils	7.335.007	8.718.120

	1.1.-30.6.2015	1.1.-30.6.2014
Helstu kennitölur		
EBITDA	5.239.468	4.445.920
	30.6.2015	30.6.2014
Eiginfjárlutfall	26,9%	21,4%

Hlutverk Landsnets er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.